

## BRÁÐABIRGÐALÖG

89

18. sept.

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátáútsvegsins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess að síldveiði hafi enn brugðizt í sumar þá sé alger vá fyrir dyrum, ef síldarútsvegsmönnum verði ekki veitt aðstoð vegna aflabrests, og að eðlilegt sé, að lögnum um hlutatryggingasjóð bátáútsvegsins, nr. 48/1949, verði breytt í það horf, að síldveiðideild hlutatryggingasjóðsins verði heimilað að taka lán hjá almennu fiskideildinni, með ábyrgð ríkisstjóðs, til þess að veita aðstoð samkvæmt reglum sjóðsins. Þá þyki rétt að togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar í sumar, njóti bóta úr hlutatryggingasjóðnum.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

#### 1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast lán að upphæð kr. 5 250 000.00, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af láni þessu.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1954, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og herpinótaskip.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. september 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*